
FRÉTTIR

Reynt að gera við Mír-stöðina

ÞRIGGJA manna áhöfn rússnesku geimstöðvarinnar Mír átti að hefjast handa við viðgerðir á Spektr-einingu stöðvarinnar



MÍR kallar stjórnstöð, vantar fleiri snærisspotta.

Skólaliðar taka til starfa í þremur grunnskólum í haust

Tilraun í takt við þróun í atvinnulífinu

SKÓLALIÐAR er nýtt starfsheiti sem tekið verður upp í þremur grunnskólum Reykjavíkur í haust. Eiga þeir að leysa af hólmi t.d. gangbrautaverði, gangaverði og ræstingafólk. Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri, segir að tilraunin sé í takt við almenna þróun í atvinnulífinu. Með hliðsjón af reynslunni verði tekin ákvörðun um framhaldið. Sem kunnugt er hafa verið uppi deilur um hvaða stéttarfélagi skólaliðar eigi að tilheyra.

Gerður segir að almennum starfsmönnum Langholtsskóla, Seljaskóla og Engjaskóla hafi verið sent uppsagnarbréf í vor. Um leið hafi þeim verið veittur forgangur að því að gerast skólaliðar. „Áður sinntu starfsmennirnir ákveðnum verkefnum, t.d. ganga-, bað- eða gangbrautarvörslu. Hér eftir vinna þeir að sömu verkefnum í hóp á ákveðnu svæði í um viku í senn. Á svæðinu sjá skólaliðarnir um að ræsta, sinna börnunum í frímínútunum úti og inni, aðstoða kennarana, t.d. við að ljósrita, vinna á bókasafninu, t.d. við að plasta bækur, eða á skrifstofunni. Með því að grípa í fleiri verkefni fá skólaliðarnir betra tækifæri til að kynnast nemendunum og nemendurnir kynnast fleiri fullorðnum á persónulegri hátt. Starfsmennirnir fá fjölbreyttari störf og vinna með öðrum í staðinn fyrir að vinna einir að ákveðnum verkefnum," segir Gerður og tekur fram að tilraunin sé í takt við almenna þróun í atvinnulífinu. Einfaldari störf séu að hverfa fyrir fjölbreyttari og fjölþættari störfum.

Skólaliðar vinna saman

Um nánari tilhögun segir Gerður að skólaliðarnir vinni saman. „Hver skólaliði ber t.a.m. ábyrgð á því að þrífa ákveðið afmarkað svæði innan stóra svæðisins. Svæðið er svo þrifið þegar tækifæri gefst til um daginn. Tíminn nýtist því væntanlega betur og hægt verður að nýta skólann betur eftir að kennslu lýkur. Ekki má heldur gleyma því að börnin fylgjast með ræstingunni, sjá hvað þarf að ræsta og hvernig er ræst, og fá því betri tilfinningu fyrir því hvað þarf að ganga vel um."


Aðspurð sagði Gerður að ekki væru gerðar sérstakar kröfur til verðandi skólaliða. Hins vegar væri boðið upp á fjölbreytt undirbúningsnámskeið. „Á þessu fyrsta námskeiði ræddi sálfræðingur við verðandi skólaliða, t.d. um einelti, farið var í hjálp í viðlögum, talað um ræstingu, efni í ræstingu og áhrif efnanna, rætt um kjaramál og fleira. Skólaliði úr Kópavogi sagði frá reynslunni þar," sagði Gerður og tók fram að afar góð reynsla hefði verið af skólaliðum í Kópavogi og á Akureyri undanfarin ár.

Nýi Baby Gard hitamælirinn
– bylting í heilsueftirliti barnsins!

Baby Gard er tölvustýrður hitamælir – nákvæmur, öruggur og einfaldur í notkun. Barnið ber hann á sér, nótt sem dag, án þess að hann valdi því nokkrum óþægindum í svefni eða leik.

Baby Gard mælir líkamshita barnsins í eitt skipti eða skráir og safnar í minni upplýsingum um hitann í allt að 10 klst. Baby Gard er jafnframt með innbyggðan „vekjara" sem gerir viðvart fari líkamshitinn yfir fyrirfram ákveðið mark.

Baby Gard er prófaður af Löggildingarstofunni á Íslandi.



AUK / SÍA 52-98

Baby GARD™

fæst í flestum apótekum landsins

Atvinnuleysistryggingasjóður

Minna greitt í bætur

GREIDDAR voru samtals tæplega 1.604 milljónir króna í atvinnuleysisbætur á landinu öllu á tímabilinu frá 1. janúar síðastliðnum til 8. ágúst og er það ívið minna en á sama tímabili í fyrra.

Þá voru greiddar úr Atvinnuleysistryggingasjóði ríflega 1.674 milljónir króna en árið 1995 voru greiddar tæplega 2.015 milljónir króna í atvinnuleysisbætur á umræddu tímabili.

Að sögn Margrétar Tómasdóttur, framkvæmdastjóra Atvinnuleysistryggingasjóðs, hefur það verið merkjanlegt upp á síðkastið að atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu fari minnkandi en þar hefur það verið mest undanfarin misseri. Í júlí var atvinnuleysið 4,6%, en mest var það meðal kvenna, eða 6,2%.

Alþjóðleg myndlistarsýning

Styrkur og veikleiki myndlistar á Íslandi

UM ÞESSAR mundir stendur yfir alþjóðleg myndlistarsýning hér á landi sem kallast On Iceland 1997. Í tengslum við hana er einnig í gangi Seminar on Art sem er sambland af námskeiði og ráðstefnu.

Hannes Lárusson, aðalskipuleggjandi sýningarinnar og einn forsvarsmanna námstefnunnar, segir að sýningin On Iceland hafi verið í undirbúningi síðustu þrjú árin.

„Hún er styrkt af norræna menningarsjóðnum og verkefnið er að hluta samvinnuverkefni norrænna aðila. Um fyrrihluta heildarverkefnis er að ræða hér, en síðari hlutinn verður að ári í Bergen í Noregi og Kaupmannahöfn í Danmörku.

- Hvers konar sýningu er um að ræða?

„Þetta er sýning sem lýtur að tímatengdri myndlist, það er list þar sem einkum ljósmyndir, myndbönd, tölvur og gjörningar eða afleidd tækni eru meginmiðlarnir. Þungamiðjan í þessu er glíman við nútímatækni í myndlistinni og það hvernig tími, hreyfing er tjáð í myndlist. Einnig er þetta skoðun á stöðu myndarinnar í víðasta samhengi innan núverandi heimsmyndar. Þetta skýrist nánar ef menn skoða verkin á sýningunum."

- Hvar standa sýningar yfir núna?

„Svona verkefni er ekki framkvæmanlegt nema í samstarfi við fjölda einstaklinga og ýmsar stofnanir. Sýningin hófst á Nýlistasafninu og þar var lögð áhersla á myndbönd, tölvumyndir og gjörninga. Þessa dagana standa yfir sýningar á Listasafni Íslands, í Norræna húsinu, á Kjarvalsstöðum, í Gallerí Gangi og Gallerí tuttugu fermetrum.

Verkefni af þessari stærðargráðu veitir innsýn í styrk og veikleika íslenskrar myndlistar og reyndar íslenskrar menningar í heild."


- Hvað meinarðu með því?

„Við eigum orðið heila herdeild af mjög vel menntuðum listamönnum, bæði í verklegum og hugmyndalegum skilningi. Þeir eru tilbúnir að leggja fram vinnu til að gera sýningu sem þessa mögulega. Á hinn bóginn blasir við að hin menningarlega umgjörð og menningarstofnanir hér á landi eru alltof einangraðar frá vettvangi listarinnar og margt í starfsháttum þeirra sem tilheyrir öðrum tímum en við lifum á núna. Sýning sem þessi minnir menn á hvað íslensk menning er einangruð og hversu brýnt er að allar myndlistarstofnanir leggist á eitt að rjúfa þessa einangrun og gera sýningu sem þessa að árlegum viðburði og þó hún væri tíu sinnum stærri."

Sýning sem lýtur að tímatengdri myndlist

- Hvað með ráðstefnuna og námskeiðið Seminar on Art?

„Í upphafi var ætlunin að hafa ráðstefnu í tengslum við sýninguna en hún varð viðameiri og endaði sem sumarskóli. Auk mín hafa komið að undirbúningi Helgi Þorgils Friðjónsson, sem einnig hefur verið lykilmaður við undirbúning sýningarinnar, og Ólafur Gíslason. Til að gera þetta framkvæmanlegt var leitað til Sumarskóla Háskóla Íslands og Myndlista- og handíðaskóla Íslands varðandi samvinnu um framkvæmd sem hefur gengið mjög vel."



Hannes Lárusson

▶Hannes Lárusson fæddist í Reykjavík árið 1955. Hann nam myndlist við Myndlista- og handíðaskólann og var við myndlistarnám í Vancouver School of Art. Hannes var frá árinu 1982-83 á Whitney prógrammi í New York. Hann lauk BA-gráðu í heimspeki frá Háskóla Íslands árið 1986 og MFA-prófi frá NSCAD í Halifax. Hannes hefur starfað sem myndlistarmaður undanfarin fimmtán ár og jafnframt fengist við kennslu og skrifað um myndlist í tímarit. Hann hefur einnig flutt fjölda fyrirlestra. Hannes hefur að undanförnu verið einn af aðalskipuleggjendum sýningarinnar On Iceland 1997 og Seminar on Art. Hann er giftur og á eitt barn.

- Hvert er markmiðið?

„Við viljum gjarnan festa þennan sumarskóla í sessi þannig að hér á landi verði eðlilegt gegnumflæði af hugmyndum sem eru ofarlega á baugi í alþjóðlegri myndlistarumræðu í hæsta gæðaflokki. Á sama hátt og Íslendingar komast í kynni við þessar hugmyndir geta þeir fundið betur hvað þeir hafa upp á að bjóða og þurfa að rækta betur."

Hannes segir að Ísland sé á margan hátt kjörinn vettvangur fyrir starfsemi af þessu tagi, landið sé vel staðsett og hafi aðdráttarafl sem geti laðað að erlenda fyrirlesara, listamenn og nemendur ef rétt er á spilum haldið.

- Eru erlendir þátttakendur í námskeiðinu?

„Nú er meirihluti þátttakenda Íslendingar, einnig kemur nokkur fjöldi frá útlöndum, ýmist starfandi listamenn eða listnemar. Þetta námskeið er hugsað útfrá alþjóðlegum forsendum bæði hvað snertir fyrirlesara, þátttakendur og vonandi einnig fjármögnun og framkvæmd að hluta. Það er tími til kominn að hér á landi verði til varanlegur vettvangur þar sem framsæknustu hugmyndir á þessu sviði verða í brennidepli en einmitt þannig ávinnur námstefnan sér alþjóðlega virðingu sem eftirsóttur viðburður."

Seminar on Art hlaut styrk frá ferða- og atvinnumálanefnd Reykjavíkurborgar og Hannes segir að sá skilningur sem þar kom fram á möguleikum og mikilvægi starfsemi af þessu tagi lofi góðu. Námskeiðið hófst 15. þessa mánaðar og stendur til 30. ágúst.